



Forsætisnefndartillaga um aukið samstarf við Þingmannaráð Sama

Tillaga forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð ákveði

að bæta við nýrri grein í starfsreglur Norðurlandaráðs um aukna áheyrnaraðild með eftirfarandi orðalagi:

Aukin áheyrnaraðild

Samþingin í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hafa með fulltingi Þingmannaráðs Sama aukna áheyrnaraðild með rétti til þátttöku í nefndarfundum þegar fjallað er um mál sem varða hagsmuni Sama. Nefndirnar skera úr um fyrir hvaða fundi og mál boðið á við. Þátttökurétturinn felur ekki í sér atkvæðisrétt.

Aðdragandi

Í dag hafa Samþingin áheyrnaraðild að Norðurlandaráði samkvæmt 13. gr. starfsreglna Norðurlandaráðs¹. Þessi staða veitir rétt til að sitja þing Norðurlandaráðs og málfrelsi í þingumræðum fyrir fulltrúa hvers Samþings.

Þingmannaráð Sama sendi hins vegar í desember 2014 umsókn til Norðurlandaráðs um fullgilda aðild að ráðinu. (Þingmannaráð Sama er samstarfsvettvangur fyrir Samþingin þrjú í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð og er fulltrúi fyrir Sama á Norðurlöndum).

¹ 2. kafli um Þingið

13. gr. Aheyrnarfulltrúar

Samþingin í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hafa stöðu áheyrnarfulltrúa og hafa rétt til að tjá sig í almennum þingumræðum og að öðru leyti samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar.

Forsætisnefnd fjallaði um umsóknina á fundi sínum 27. janúar 2015 um leið og málið var til umsagnar hjá borgara- og neytendanefnd.

Norðurlandaráð

Meirihluti forsætisnefndar gat ekki stutt fullgilda aðild Sama. Einn þingmaður studdi þó aðild Sama og annar fulltrúi vildi ekki taka afstöðu á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

A 1664/præsídið

Stuðningsmaður fullgildir aðildar Sama lagði áherslu á að Samar eru sérstakur þjóðarhópur, viðurkenndir frumbyggjar á Norðurlöndum, en það aðskilur Samana frá öðrum norrænum minnihlutahópum. Norðurlöndunum ber því skylda til að vernda menningu þeirra og gangast undir sögulega og alþjóðlega ábyrgð sína. Í mörgum alþjóðasamtökum eiga Samar sína fulltrúa og því ætti Norðurlandaráð að feta í sömu fótspor.

Flytjandi:
Forsætisnefndin

Afgreiðsla:
Forsætisnefndin

Málsnúmer 15-00016-24

Meirihlutinn lét í ljósi þá grundvallarafstöðu að Norðurlandaráð er samstarfsvettvangur þjóðþinga og ríkisstjórna fullvalda ríkja, þar sem gerðar hafa verið undantekningar með sérstöku samkomulagi við Færeyjar, Grænland og Álandseyjar, sem einnig hafa löggjafarþing. Það kemur fram í 47. gr. Helsingforssamningsins². Það eru því aðilar samningsins, ríkisstjórnir Norðurlandanna, sem ef við á eiga að fjalla um slíka umsókn.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs var þó sammála um að efla tengslin við Þingmannaráð Sama og hefur því rætt hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að þróa samskiptin umfram núverandi stöðu áheyrnarfulltrúa með tilliti til að veita Sömum aukna möguleika og réttindi í norrænu samstarfi í framtíðinni. Hjá öðrum alþjóðasamtökum eru veitt ýmis réttindi til frumbyggja.

Til þess að varpa ljósi á málið hefur skrifstofan aflað upplýsinga hjá skrifstofum finnsku, norsku og sænsku landsdeildanna. Skrifstofurnar þrjár hafa útbúið bakgrunnsskjal um aðstæður Sama í löndunum varðandi:

- Fjöldi Sama í hverju landi fyrir sig
- Samsömun við/skráningu á sjálfsemd sem Samar
- Lagalega og stjórnarskrárlega stöðu Sama (réttindi og jafnvel sérstöðu í samfélaginu)
- Stutta lýsingu á vandamálum/viðfangsefnum á búsvæðum Sama.

Skjalið var kynnt á fundi forsætisnefndar 9. september og er auk þess hjálagað með þessari tillögu.

Í skjalinu er komist að eftirfarandi tillögu að tilmælum:

Ein leið til þess að auka áhrif Sama gæti verið að Norðurlandaráð skrifi inn í starfsreglur sínar að Þingmannaráð Sama fái stöðu sem Fastur áheyrnarfulltrúi/til vara - áheyrnarfulltrúi með auknið umboð en það gæti haft eftirfarandi í för með sér:
Rétt til að tjá sig í almennum þingumræðum og að öðru leyti samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar.
Rétt til að taka þátt í fundum borgara- og neytendanefndar. Engan atkvæðisrétt, en rétt til að tjá sig um mál sem varða hagsmuni Sama.
Ef forsætisnefndin ákveður svo, rétt til að taka þátt í öðrum fundum þar sem fjallað er um mál sem varða hagsmuni Sama. Engan atkvæðisrétt, en rétt til að tjá sig um mál sem varða hagsmuni Sama. Nefndirnar bera

² 47. gr.

Ráðið skipa 87 kjörnir fulltrúar, fulltrúar ríkisstjórnanna og fulltrúar stjórnar Álandseyja og landsstjórna Færeyja og Grænlands. Þjóðþing Danmerkur kys 16 fulltrúa, Ríkisþing Finnlands 18 fulltrúa, Alþingi 7 fulltrúa, Stórþing Noregs og Ríkisþing Svíþjóðar hvort um sig 20 fulltrúa og Lögþing Álandseyja og Færeyja og Landsþing Grænlands 2 fulltrúa hvert.

ábyrgð á að vekja athygli forsætisnefndar á þeim málum á dagskrá sem geta varðað hagsmuni Sama.

Árlegur fundur verði haldinn, t.d. á þemaþingum með þátttöku forsætisnefndar, formanna nefndanna og Þingmannaráðs Sama. Það gefur tækifæri til skrafs og ráðagerða. Dagskráin verði ákveðin í sameiningu.

Norðurlandaráð

A 1664/præsídiet

Flytjandi:
Forsætisnefndin

Afgreiðsla:
Forsætisnefndin

Málsnúmer 15-00016-24

En þar sem Samar hafa nú þegar rétt til að taka þátt í almennum þingumræðum og að öðru leyti samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar, væri það ekki til þess fallið að efla samstarfið. Síðan er lagt til að Samar hafi rétt til að taka þátt í fundum borgara- og neytendanefndar. En Norðurlandaráð er að breyta tilhöggun nefnda sinna. Því er lagt til í þessari tillögu að Þingmannaráð Sama fái rétt til að taka þátt í nefndarfundum þegar fjallað er um mál sem varða hagsmuni Sama. Tekið skal skýrt fram að þátttökurétturinn feli ekki í sér atkvæðisrétt.

Þessi tillaga er breyting frá starfsreglum Norðurlandaráðs og því er talið viðeigandi að bæta henni inn í 4. kafla um nefndir. (2. kafli þar sem Samaðinginn fá stöðu áheyrnarfulltrúa varðar bara þingfundinn).

Forsætisnefndin hafði málið á dagskrá á mörgum fundum árið 2015. Á fundinum 26. mars 2015 skipaði forsætisnefnd starfshóp, sem átti að undibúa málið og koma með tillögur og beina tillögu til afgreiðslu í forsætisnefnd. Á grundvelli þessa var tekin endanleg ákvörðun.

Umsagnir

Umsóknin hefur verið til umsagnar í borgara- og neytendanefnd. Nefndin var sammála meirihluta forsætisnefndar og svaraði meðal annars með að:

Borgara- og neytendanefnd vill gjarnan auka þegar hafnar umræður við Samaðinginn þrjú í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og samstarfsvettvang þeirra, Þingmannaráð Sama, um hvernig megi auka áhrif Sama í norrænu samstarfi innan núverandi ramma.

Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Að mati forsætisnefndar er tímabært að auka samstarfið við Sama. Þingmannaráð Sama hafði beint samband með umsókn um fullgilda aðild, sem forsætisnefnd gat hins vegar ekki orðið við. Umsókninni er hafnað með vísan til formsatriða, að Norðurlandaráð ákveði ekki sjálft, hverjir hafi aðild eða ekki, - það ákveði hins vegar norrænu ríkin, sem hafi kveðið á um aðildina í Helsingforssamningnum. Forsætisnefndin vill samt efla samstarfið við Sama. Sú staða áheyrnarfulltrúa sem er í gildi í dag er úrelt, þar sem rétturinn til að taka þátt í almennum þingumræðum á þingi Norðurlandaráðs er veittur öllum utanaðkomandi þingmönnum. Að sjálfsögðu er réttur Sama þó rétthærri þar sem hann er skráður í starfsreglum Norðurlandaráðs. Samt er þó við hæfi að auka þennan rétt. Rétturinn til að taka þátt í nefndarfundum, þar sem viðeigandi mál eru á dagskrá, er einnig veittur fulltrúum frá sjálfstjórnarsvæðunum, og í reynd hefur Norðurlandaráð æskunnar rétt til að taka þátt í öllum nefndar- og forsætisnefndarfundum. Það er því eðlilegt að Samar, sem eru viðurkenndir frumbyggjar á Norðurlöndum, fái aukna möguleika á að veita upplýsingar og hafa áhrif á ákvarðanir Norðurlandaráðs – þó án fullgildrar aðildar og atkvæðisréttar. Forsætisnefndin bætir við að það er á valdi nefndanna að skera úr um hvaða mál varði hagsmuni Sama.

Helsinki, 26. janúar 2016

Carl Haglund (sv)
Erkki Tuomioja (sd)
Gunvor Eldegard (A)
Hans Wallmark (M)
Henrik Dam Kristensen (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Mikkel Dencker (DF)

Morten Løkkegaard (V)
Penilla Gunther (KD)
Phia Andersson (S)
Rigmor Andersen Eide (KrF)
Steingrímur J. Sigfússon (VG)
Wille Rydman (saml)

Norðurlandaráð

A 1664/præsidiet

Flytjandi:
Forsætisnefndin

Afgreiðsla:
Forsætisnefndin

Málsnúmer 15-00016-24